

Heimastjórn Borgarfjarðar - 41 (9.11.2023) - Strandveiðar 2024

Málsnúmer : 202311031
Málsaðili : Múlaping
Niðurstaða (stutt) : Samþykkt
Fundardagur : 09.11.2023

Inngangur : Umræður um fyrirkomulag strandveiða 2024

Niðurstaða : Heimastjórn Borgarfjarðar eystri skorar á hæstvirtan matvælaráðherra Svandísi Svavarsdóttur að meðan að ekki eru tryggðir 48 dagar til strandveiða á hverju ári og landið einn veiðipottur, sé því aflamagni sem ætlað er til strandveiða skipt niður í jafna hluta á hvern þann mánuð sem heimilt er að stunda strandveiðar. Verði þá veiðar stöðvaðar þegar heildaraflamagni hvers mánaðar er náð. Þessi aðgerð mun jafna aðstöðu milli landshluta og á sanngjarnan hátt rétta hlut byggðarlaga á C - svæði.

Heimastjórn vísar málinu til umfjöllunar sveitarstjórnar.

Samþykkt samhljóða án atkvæðagreiðslu.